

# FLOKKUN TIL FRAMTÍÐAR

í Vesturbyggð og Tálknafirði



**VESTURBYGGÐ**



**Tálknafjörður**



**Gámaþjónusta  
Vestfjarða ehf**

*BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ*



# Kveðja frá Grunn- og leikskólum Vesturbyggðar og Tálknafjarðar

Kæru íbúar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps!



Í Grunn- og leikskóla Vesturbyggðar er unnið markvisst að umhverfisvernd með Grænfánaverkefninu. Við viljum leggja okkar af mörkum til að vernda umhverfi okkar með því að flokka og endurnýta. Samvinna við heimilin er ákaflega mikilvæg í þessu verkefni þar sem megináherslan er lýðheilsa, endurvinnsla og verndun umhverfisins.



Tálknafjarðarskóli hefur sett sér umhverfismarkmið að keppa að og átti frumkvæði að því að Tálknfirðingar gerðu með sér umhverfissáttmála fyrir nokkrum árum í tengslum við grænfánastarf skólans. Markmiðin og sáttmálin ríma vel við þær áherslur sem Gámabjónustan kynnir í þessum bæklingsi. Í tilefni af nýju fyrirkomulagi sorphirðu á svæðinu langar nemendur að kynna umhverfismarkmiðin (og sáttmálan).

## Umhverfismarkmið Tálknafjarðarskóla miða að því að nemendur:

- læri um gildi þess að ganga vel um nátt úruna og umhverfi sitt
- tileinki sér góða umgengni við nátt úruna og umhverfi sitt
- geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- átti sig á hve mikið rusl fellur til daglega
- stundi flokkun á sorpi og meti gildi endurnýtingar og endurvinnslu þess sem ella færi í súginn
- þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfisvænar vörur
- vinni að því með heimilum og skóla að efla ábyrga umgengni um



nánasta umhverfi og náttúru landsins

**Við, nemendur og starfsfólk Tálknafjarðarskóla og íbúar Tálknafjarðarhrepps höfum gert með okkur sáttmála þar sem við leitumst við að:**

- Flokka allt rusl og allan lífrænan úrgang sem mögulegt er.
- Endurnýta endurvinnanlegt efni sem best eins og pappír og umbúðir.
- Kaupa helst vörur sem eru í endurunni um eða endurvinnanlegum umbúðum.
- Ferðast sem oftast á umhverfisvænan hátt, s.s. með því að ganga eða hjóla innanbæjar.
- Gangu vel um bæinn okkar og henda rusli í ruslafötur.

Það er von okkar að nýtt fyrirkomulag sorphirðu gefist vel og að flokkun og endurvinnsla sorps á svæðinu fari vaxandi með ári hverju.

Nemendur Tálknafjarðarskóla



## Til íhugunar



- Um 91% Íslendinga flokka úrgang til endurvinnslu
  - 19% flokka alltaf
  - 37% flokka oft
  - 35% flokka stundum eða sjaldan

(Úr könnun Capacent Gallup fyrir úrvinnslusjóð í sept 2008)

- Endurvinnsla á 20 tveggja lítra gosdrykkjarflöskum úr plasti dugar til framleiðslu á einni meðalflíspeysu.
- Urðun á hverju tonni af pappír krefst tveggja til þriggja rúmmetra rýmis á urðunarstað og veldur miklum gróðurhúsa-lofttegundum.
- Það berast um 100 kg af dagblöðum og fjölpósti inn á hvert heimili að jafnaði á Íslandi. (Heimild: Skýrslan „Pappírsmálið“ frá árinu 2003)
- Gott líf felst í því að gera þá hluti vel sem maður getur gert vel.

(Aristóteles)



# Gámavellir

## verða á eftirtöldum stöðum



### Bíldudalur

Opnunartími:

Þriðjud. 15:00–17:00

Laugard. 10:00–12:00



### Patreksfjörður

Opnunartími:

Mánud. 15:00–17:00

Fimmtud. 15:00–17:00

Laugard. 15:00–17:00



### Tálknafjörður

Opnunartími:

Miðvikud. 15:00–17:00

Laugard. 12:30–14:30



Verði breytingar á ofangreindum opnunartímum eða gjaldskrá má finna upplýsingar á:























**[www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is),**

**[www.talknafjordur.is](http://www.talknafjordur.is),**

**[www.gamarvest.is](http://www.gamarvest.is)**



## Á gámavöllum er tekið er á móti eftirtöldum flokkum til förgunar og endurvinnslu.

- |  |   |
|--|---|
|  Bylgjupappi        | *  Hjólbarðar                              |
|  Sléttur pappi      | *  Raftæki/rafeindatæki                    |
|  Dagblöð og tímarit | *  Kælitæki                                |
|  Skrifstofupappír   | *  Ómálað timbur                           |
|  Fernur             | *  Málað timbur                            |
|  Plastílát          | *  Óendurvinnanlegt (Óflokkað til urðunar) |
|  Filmuplast         | *  Grófur úrgangur                         |
|  Rafhlöður          | *  Gler, postulín og flísar                |
| *  Málmar           | *  Grjót og jarðvegur                      |
| *  Spilliefni      | *  Garðaúrgangur                          |
| *  Rafgeymar      | *  Gras                                  |

Tekið er á móti eftirtöldum endurvinnsluefnum án endurgjalds: Bylgjupappa og sléttum pappa, blöðum, tímaritum, skrifstofupappír, fernum, plasti og málmum.

Einnig verður íbúum frjálst að losa sig við almennan heimilisúrgang, allt að 1 m<sup>3</sup> í hverri ferð án gjaldtöku á opnunartíma. Íbúar sem standa í framkvæmdum, breytingum á eigin húsnæði eða byggingum greiða fyrir þann úrgang sem þeir skila inn á gámavellina.

Rekstraraðilar, fyrirtæki og stofnanir sem koma með gjaldskyldan úrgang á gámavelli greiða samkvæmt gjaldskrá.

\* Eingöngu hægt að skila á gámavelli á opnunartíma.



# Almennt heimilissorp

## Í almennu tunnuna með gráa lokinu má setja:

Allan almennan heimilisúrgang svo sem matarleifar, kaffikorg, matarsmitaðan pappír og plast, samsettar umbúðir (áleggsbréf, ostabox, tannkremstúpur og fleira). Einnig glerlát, ryksugupoka, bleiur og úrgang tengdan gæludýrahaldi.

Íbúar eru hvattir til að fara með hreinar pappa- og plastumbúðir ásamt dagblöðum og öðrum pappír á gámavöll. Almenna tunnan verður losuð á tveggja vikna fresti.

Sjá sorphirðudagatal á [www.vesturbyggð.is](http://www.vesturbyggð.is), [www.talknafjordur.is](http://www.talknafjordur.is) og [www.gamarvest.is](http://www.gamarvest.is).



**Hafa ber í huga** að staðsetja tunnur sem næst lóðarmörkum á losunardegi svo starfsmenn Gámaþjónustu Vestfjarða ehf hafi greiðan aðgang að tunnunum og geti dregið þær að bíl án hindrunar. Íbúar þurfa að moka snjó frá tunnnum og halda slóð greiðfærri að lóðarmörkum.



# Skápalausnir • Söfnunarlát



Passar  
fyrir körfu

## ÁSINN

2x10 l. á sleða + karfa  
Mál: 25 x 38/35 cm.



## TVISTURINN

2x18 l. á sleða  
Mál: 31 x 46/36 cm.



## PRISTURINN

2 x 14 l. + 1 x 8l. á sleða  
Mál: 31 x 46/36 cm.



## FJARKINN

4 x 10 l. á 2 sleðum  
Mál: 50 x 38/35 cm.



## 2 x 40l.

2 x tvær 40 l. tunnur  
á hjólavögnum.



## 2 x 60l.

Tvær 60 l. tunnur  
á hjólavagni.



## TUNUSKÝLI



**Gámapjónusta  
Vestfjarða ehf**

BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ



## JARÐGERÐARTANKUR

Góuholt 14 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 3710 • [vestfirdir@gamarvest.is](mailto:vestfirdir@gamarvest.is) • [www.gamarvest.is](http://www.gamarvest.is)



# Setjum umhverfið í fyrsta sæti!



**VESTURBYGGÐ**

Aðalstræti 63 • 450 Patreksfjörður  
Sími: 450-2300 • Fax: 456-1142  
vesturbyggd@vesturbyggd.is  
www.vesturbyggd.is



**Gámaþjónusta  
Vestfjarða ehf**

*BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ*

Góuholt 14 • 400 Ísafjörður  
Sími: 456 3710 • Fax: 456 5157  
vestfirdir@gamarvest.is  
www.gamarvest.is



**Tálknafjarðarhreppur**  
Miðtúni 1 • Tálknafirði  
Sími: 456 2539 • Fax: 456 2589  
talknafjordur@talknafjordur.is  
www.talknafjordur.is